



Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar

Bt. Þormóðar Sveinssonar

Hafnarfirði, 23.06.2020

Efni: Umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir Fornubúðir 5

Fyrir hönd Fornubúða fasteignafélags hf, kt. 470312-0250, óskar undirritaður eftir að gerð verði óveruleg breyting á deiliskipulagi fyrir Fornubúðir 5.

Núna er í auglýsingu: „Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2015. Hafnarsvæði – Flensborgarhöfn og hluti Suðurhafnar. Skipulagslýsing 15.maí 2020.“

Lóðin Fornubúðir 5 stendur innan þess svæðis sem þar er fjallað um. Í skipulagslýsingunni stendur m.a. í kafla 1.3 á bls. 4:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar áformar að breyta Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 á þann veg að sá hluti hafnarsvæðisins sem hér um ræðir verði skilgreindur sem miðsvæði/blönduð byggð, þar sem gert verði ráð fyrir blandaðri landnotkun og byggð með áherslu á þjónustu, atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð.“

Deiliskipulagsbreytingin sem hér er sótt um felst í að 5. setning í gildandi greinargerð með deiliskipulaginu sem hljóðar eftirfarandi:

„Á lóðinni er gert ráð fyrir fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknnum og öryggismálum sjófarenda auk þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.“

- Hljóðar eftir breytingu deiliskipulagsins eftirfarandi:

„Á lóðinni er gert ráð fyrir starfsemi sem fellur undir landnotkunina Miðsvæði (M) eins og hún er skilgreind í grein 6.2, lið b. í Skipulagsreglugerð.“

Virðingarfyllt,

Sigurður Einarsson
arkitekt FAÍ, SAMARK